

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli 127 019 kr/kW a, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 29.89 kr/kW h. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun o. fl.

1. 22.89kr/kW h til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar o. fl.

1. 29.89 kr/kW h.
2. 6.39 kr/kW h og 20 241.00 kr/kW a eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 44.84 kr/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 22.89 kr/kW h til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæli-
borð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 9.62 kr/kW h, til húshitunar.
2. 14.16 kr/kW h, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 4.56 kr/kW h, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 7.57 kr/kW h, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 2.38 kr/kW h, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 3.94 kr/kW h, til iðnaðar Rjúfa má strauminn frá kl. 08:00—24:00.
7. 8.21 kr/kW h, til hitunar á bilgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 10.91 kr/kW h, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tíma-
bilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforksölu til hitnar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.

- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullokmnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. STÓRNÖTKUN.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 419 kr/kW h og 37 574 kr/kW a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. ÖNNUR NOTKUN.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

- | | | | |
|--|-----|----------|-----------------------|
| 1. Af einfasa mælum | kr. | 222.00 | á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum til og með 80A | — | 611.00 | — — |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 80A | — | 900.00 | — — |
| 4. Af mestumælum | — | 2 258.00 | — — |
| 5. Móttökuliði | — | 490.00 | — — |
| 6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera | | | sem næst 15% af verði |
| viðkomandi tækis. | | | |

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Aðalheimtaug.

- 2.1 Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loflínuheimtaug breytt í jarð- strengsheimtaug aukin í 3x6 A3 kr.	Einfasaheim- taug 63 A kr.
	Lágmark kr.	Lengdargjald kr.		
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	143 100	0	45 600	
63 A 3-fasa	160 700	0	56 800	29 000
100 A 3-fasa	112 300	5 390	71 800	
125 A 3-fasa	137 600	6 030	87 900	
200 A 3-fasa	214 600	8 177	137 200	
300 A 3-fasa	309 900	9 947		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	143 100		45 600	
63 A 3-fasa	192 200	0	76 900	58 000
100 A 3-fasa	190 100	5 390	121 500	
125 A 3-fasa	237 900	6 030	152 100	
200 A 3-fasa	372 000	8 177	237 900	
300 A 3-fasa	537 300	9 947		

- 2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.
- 2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 2 713 kr. á hvert KVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.
- 2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.
- 2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.
- 2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.
- 2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.
- 2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gjaldandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

BRÁÐABIRGÐAHEIMTAUGAR.

- 2.11 Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	27 000	4 020	50 900
63 A 3-fasa	37 900	4 020	59 300
100 A 3-fasa	40 200	5 186	67 800

- 2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.
- 2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð hú sveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun hú sveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 4 000 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 3 500. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 3 500 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
- 3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafla á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku frá og með 1. janúar 1979 er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá áðurgreindum tíma, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ¼ af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 20% og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 33%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D 1, D 3, D 5 og D 7.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 440, 29. des. 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.